

4. stjórnarfundur

Forma 2012 – 2013

Dags. 10.jan. 2013

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Guðný Gunnlaugsdóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zophóníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggisdóttir og Vilhjálmur G. Kristjánsson.

1. Boðaðir voru fulltrúar úr foreldrafélagi VMA. Mættar voru Áslaug Magnúsdóttir, Björk Pálmadóttir og Laugheiður Gunnarsdóttir frá VMA. Til umtals var bréf frá áhyggjufullum föður sem stílað var til skólayfirvalda og einnig fulltrúa foreldrafélaga beggja framhaldsskólanna. Rætt var um efnistöð bréfsins og hvernig foreldrafélög skólanna gætu tekið á málinu.

Fundarmenn eru sammála um að þörf er á vitundarvakningu meðal foreldra, skólayfirvalda og kennara að börn eru börn til 18 ára aldurs. Hvaða ábyrgð felst í því og hvað er siðferðilega rétt og rangt að leyfa og láta viðgangast? Rætt var um ýmsar leiðir sem hægt væri að fara með sameiginlegu átaki til að ná til fólks og einnig barnanna okkar. Áslaug sagði frá því að í VMA stendur til að halda fund fljótlega um andlega líðan nemenda en komið hefur í ljós að brottfall nemenda úr VMA er að stórum hluta vegna andlegrar vanlíðunar.

Áhugi reynist vera fyrir því að halda fræðslufund fyrir nemendur og foreldra beggja skólanna um jafnréttismál, kynímynd og siðfræði. Guðjón Hauksson tölvufræðingur í MA, Sigga Dögg kynjafræðingur, Andrea Hjálmsdóttir félagsfræðingur, Páll Skúlason heimspekingur eru nöfn sem komu upp í umræðunni um mögulega fyrirlesara. Helena ætlar að kanna hvernig hægt er að komast í samband við Siggu Dögg. Skoða þarf einnig hvernig hægt er að fjármagna komu hennar. Tími: æskilegt er að þetta verði 1-2 vikum fyrir páska.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 18.00

Stefnt er að því að halda næsta fund fljótlega.

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.